

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 26. maí 2021

Umsögn Landverndar um umræðuskjal um landbúnaðarstefnu Ræktum Ísland! Mál nr. 109/2021 í Samráðsgátt

Antonio Guterres aðalritari Sameinuðu þjóðanna (Sp) hefur við mörg tækifæri á undanförunum vikum sagt að undirstaða fæðuöflunar manna væri að hruni komin og sama gildi um lykilvistkerfi sem við mennirnir byggjum afkomu okkar á. Þá tiltók hann að aðgerðir þjóða heims í loftslagsmálum væru langt frá því að duga til að ná Parísarsáttmálanum. Umhverfissvái er helsta ógnin við framtíð mannkynsins eins og orð Guterres bera með sér¹.

Við þessum varnaðarorðum verður að bregðast. Þá gildir að skoða vel hverju og hvernig verður að breyta til þess að snúa af þessari braut tortímingar. Það gildir jafnt um grunnskólanema sem geta valið að hjóla í skólann frekar en að láta skutla sér, um íslenska bændur sem geta stundað sjálfbæra landnotkun og um íslenska ríkið sem getur gert kröfur til íslensks landbúnað um að draga verulega úr áhrifum sínum á vistkerfi með gróður- og jarðvegseyðingu og losun gróðurhúsalofttegunda með áburðagjöf og iðragerjun húsdýra. Skýr og framsækin stefna í landbúnaðarmálum er nauðsynlegur þáttur í þeim aðgerðum sem grípa þarf til svo Ísland geti lagt sitt að mörkum í þessu risavaxna verkefni.

¹ <https://www.un.org/sg/en/content/sg/speeches/2021-04-19/remarks-press-conference-launch-state-of-global-climate-2020-report>
<https://www.theguardian.com/environment/2020/dec/12/un-secretary-general-all-countries-declare-climate-emergencies-antonio-guterres-climate-ambition-summit>
<https://news.un.org/en/story/2021/02/1085812>
<https://news.un.org/en/story/2021/04/1090262>

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Lofandi meginstef

Landbúnaðarstefna er gríðarmikilvægt umhverfisverndarmál og margt í framkominni tillögu er þakkarvert framlag. Að byggja á grunnstoðunum landnýting – loftslagsmál/umhverfisvernd – tækni/nýsköpun er mjög vænlegt til árangurs. Þá eru í skjalinu góðar hugmyndir um að breyta styrkjakerfi í landbúnaði, greinargóðir kaflar um samspil náttúruverndar og landbúnaðar og stefnan nær til helstu atriða sem taka þarf á í landbúnaðarstefnu

Sviðsmyndagreining KPMG

Í skjalinu er vísað í sviðsmyndagreiningu KPMG sem er mjög gagnleg. Greining byggir á tveimur megin ásunum: mikil/lítill aðkoma stjórnvalda vs. verð/gæði vitund neytenda. Að mati stjórnar Landverndar er langlíklegast að vitund og kröfur neytenda til landbúnaðarafurða aukist verulega á næstu 20 árum. Því eru sviðsmyndirnar „beint frá býli“ og „gróska“ líklegastar til að raungerast. Það er einnig mat stjórnar Landverndar að ríkið eigi að beita sér fyrir því að líkurnar á því að sviðsmyndin „gróska“ raungerist, etv.í bland við sviðsmyndina „beint frá býli“. Sviðsmyndininni „Gróska“ er líst stuttlega í skýrslu KPMG sem:²

„ Mikil vitundarvakning meðal landsmanna í umhverfis- og gæðamálum eykur eftirspurn eftir hágæða landbúnaðarvörum og mikil nýsköpun í íslenskum landbúnaði.“

Því telur Landvernd að stjórnvöld ættu að stefna að því að sviðsmyndin „gróska“ úr skýrslu KPMG verði að veruleika og að Landbúnaðarstefnan endurspegli það.

Landvernd telur því miður líklegast að ef farið verður eftir stefnunni sem birtist í Ræktum Ísland, að sviðsmyndin „stöðnun“ í skýrslu KPMG raungerist. Þeir 19 punktar sem þar eru nefndir endurspeglar mun frekar stöðuna en framfarir, og felur í sér minniháttar lagfæringar á núverandi kerfi. Þörf er á framsýnni stefnu fyrir atvinnugreinina því hún hefur alla möguleika til að þróast mjög mikið á næstu árum, bæði með tilliti til umhverfismála og svo hún verði spennandi og arðbær fyrir öflugt og skapandi fólk. Þeir sem starfa í greininni þurfa að geta lifað af henni en líka að hafa möguleika á að þróa hana áfram og nýta ný tækifæri. Róttækar breytingar eru að verða um allan heim í fæðuframléiðslu og landbúnaði og líklega að svo verði áfram³. Líklegt er

² KPMG, 2019. Íslenskur landbúnaður 2040 Sviðsmyndir um mögulega framtíð landbúnaðar á Íslandi. Reykjavík. 2019. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/KPMG-Svi%C3%B0smyndir%20landb%C3%BAna%C3%B0ar%20til%202040_%C3%BAtg%C3%A1fa%20fyrir%20stafr%C3%A6na%20birtingu.pdf

³ Hér má benda til dæmis á skýrslu RethinkX um fæðu og landbúnað þar sem fram kemur að miklar og róttækar breytingar muni verða á landbúnaði í heiminum fram til ársins 2030. Sjá: Catherine Tubb & Tony Seba (2019) A RethinkX Sector Disruption Report – Rethinking Food and Agriculture. RethinkX, <https://www.rethinkx.com/food-and-agriculture>

að eftirspurn eftir innlendu grænmeti aukist enn frekar á næstu árum þar sem þeim fjölga sem kjósa að draga úr kjötneyslu af umhverfisástæðum, bæði í þágu náttúruverndar og loftslags

Sú stefna sem birtist hér nær því miður ekki að endurspegla þessa möguleika til skjótra og jákvæðra breytingar. Ný stefna þarf að byggja undir nauðsynlega umbreytingu og birta skýra og sannfærandi framtíðarsýn.

Hugtakanotkun og stærð áskoranna

Landvernd telur að hugtakanotkun um umhverfismál sé ábótavant í skýrslunni. Skýrsluhöfundar virðast telja að hugtakið sjálfbærni sé það sama og að vera sjálfum sér nógur (sjá bls. 20) og að skilgreiningar á sjálfbærri landnýtingu séu umsemjanlegar.

Þá virðist gæta misskilnings um hvað líffræðileg fjölbreytni felur í sér og hvað tap á henni þýðir. Líffræðileg fjölbreytni er undirstaða lykilvistkerfa sem við byggjum afkomu okkar á. Að varðveita erfðamengi íslenskra búfjárstofna er minniháttar áhyggjuefni í stóra samhengi lífbreytileikans sem við töpum nú á heimsvísu á þúsundföldum hraða miðað við ef áhrifa mannsins gætti ekki.

Umfjöllun um loftslagsmál ber hvorki vott um að þau eigi að vera ein af þremur meginstefjum stefnunnar né um skilning á alvarleika málsins (sjá ræður Guterres sem vitað er til á bls. 1). Einungis einn kafli skýrslunnar fjallar beint um loftslagsmál og þá aðeins um kolefnisbindingu en eins og á öðrum sviðum samfélagsins eru möguleikar til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði miklir. Kolefnisbinding getur stutt við áform að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins en megináherslan þarf öll að vera á samdrátt í losun. Rétt er að benda á að losun frá landnokun (LULUCF) er um 9 milljón tonn CO₂ ígilda skv. tölum Umhverfisstofnunnar, sem liðlega tvöföld meira en losun frá öðrum uppsprettum á Íslandi. Kolefnishlutleysi Íslands er því ekki innan seilingar.

Þá eru upphafsorð kafa á bls. 9 um loftslagsmál „*Samhliða sífellt minni losun gróðurhúsalofttegunda.....*“ mjög villandi þar sem ekki er um að ræða „sífellt minni losun gróðurhúsalofttegunda“, hvorki á Íslandi né á heimsvísu. Losun án landnotkunar hefur aukist um 30% frá 1990 til 2019 á Íslandi og örlítill samdráttur í losun á milli árána 2009 og 2019 virðist fyrst og fremst vera vegna minni fiskafla og færri ferðamanna.

Ofuráhersla á ráðuneyti

Það kemur stjórn Landverndar spáskt fyrir sjónir sú mikla áhersla sem er á afskipti og aðkomu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins á ýmsum stöðum í stefnuskjalinu. Eðlilegt er að framkvæmd og eftirlit landbúnaðarmála á ábyrgð ríkisins heyri undir fagstofnanir ríkisins, eins og til dæmis MAST, Landgræðsluna og Umhverfisstofnun en ekki ráðuneytin sjálf. Þá vekur það upp mjög áleitnar spurningar um samskipti ráðuneytisins við hagsmunasamtök þegar sérstaklega er tekið fram að einkar gott samstarf hafi verið á milli landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtaka

Íslands. Vissulega er mikilvægt að hlusta á sjónarmið hagsmunasamtaka en stjórnarráðið á ekki að vera í samstafsvettvangur fyrir hagsmunasamtök (bls. 66). Aðgangur hagsmun samtaka að stjórnsýslu þarf að lúta ströngum reglum til að draga úr hættu á spillingu.

Sjónarhornið þröngt

Mörg lítil mál fá allt of mikla athygli í svo altumlykjandi stefnu og er það á kostnað vandaðrar umfjöllunar um mikilvægustu málin eins og losun gróðurhúsalofttegunda, sjálfbærrar landnýtingar, breytingar á styrkjakerfinu og eflingu ræktunar plantna til manneldis. Dæmi um lítil mál er umfangsmikil umfjöllun um kornrækt, rekjanleika og erfðafræðileg varðveislu búfjárstofna. Þetta ýtir enn undir þá skoðun Landverndar að einblínt er um of á núverandi kerfi en framsýn um sjálfbæran landbúnað fær minna vægi en æskilegt væri.

SÉRTÆKAR ATHUGASEMDIR

Í inngangi á bls. 8 er talað um að eingöngu sé hægt að ná markmiðum stefnumörkunar í samvinnu stjórnvalda og bænda. Er það rétt? Þarf ekki allt samfélagið að vera með, meðal annars almenningur og samtök hans eins og Landvernd og Neytendasamtökin. Aðkoma fjölbreytts hóps sem hefur hagsmuni af að vel takist til um framþróun landbúnaðarins er líklegri til að skila meiri árangri en að takmarka samstarf stjórnvalda við samtök bænda. Mjög mikilvægt er að í öllum stórum málum sem varða landbúnað sé fjölbreyttur hópur fólks hafður með í ráðum eins og fulltrúar neytenda, skattgreiðenda, náttúruverndarsamtaka og dreifbýlis sem ekki eru bændur.

Á bls. 9 í kafla um landnýtingu: Ákvarðanir í landnýtingu má ekki binda eingöngu við hagnýtingu heldur verður einnig að huga vel að náttúruvernd, endurheimt og vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni.

Hugtakið landbúnaður – Landvernd er sammála því að útvíkka skilgreiningu hugtaksins landbúnaður þannig að það geti líka falið í sér að vera gæslumenn landsins og sinna þannig endurheimt vistkerfa og náttúruvernd. Bændur búa yfir þekkingu og verkkunnáttu sem getur nýst vel í þessum tilgangi.

Fæðuöryggi – Landvernd telur rangt að opna kaflann um fæðuöryggi á þann hátt sem gert er. Nýta ber land til fæðuframleiðslu á formi plantna, til dæmis kartöflur, gulrætur, blómkál ofl. Áherslusetningarnar sem merktar erum með grænu lit í þessum kafla bera ekki vott um framsækna stefnu í landbúnaði, heldur lýsa þær öllu frekar ástandinu eins og það er. Þá er mikilvægt að skýrt komi fram að gæta þarf að því að ganga ekki frekar á náttúru Íslands eða

fórna landi sem nýta má fyrir matvælaframleiðslu í þeim tilgangi að framleiða orkugjafa eins og repju. Í kaflanum um fæðuöryggi er um misskilning á hugtakinu sjálfbærni að ræða, sjá ofar.

Landnotkun – Stjórn Landverndar mótmælir því að landbúnaðarland sem ekki er í notkun verði að halda sem slíku áfram. Rík ástæða er til þess að endurheimta það aftur í fyrra horf til dæmis sem votlendi. Nægir að minn á mikla losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi sem ekki er nýtt til fæðuframleiðslu. Þá er tölfraedin í lok þessa kafla varhugaverð en af henni má skilja að þau 6% landsins sem geta talist mögulegt ræktarland beri að rækta. Þá er mjög skrytið að taka sérstaklega fram áhrif beitar á sinubruna þegar fjallað er um mikilvægi réttra gagna um áhrif beitar á land. Það er mikilvægt að halda til haga að áhrif beitar á á gróður- og jarðvegseyðingu hafa verið gríðarleg. Ósjálfbær beit er enn vandamál eins og fram hefur komið í Grólindearverkefninu.

Sjálfbær landnýting – Mjög bagalegt er að í þessum kafla er ekki minnst á landnýtingarþáttur gæðastýringar hefur misheppnast. Þá er um að ræða misskilning á hugtakinu sjálfbær landnýting. Það hugtak er ekki samningsatriði í höndum hagaðila. Til eru alþjóðleg viðmið um sjálfbæra landnýtingu sem Íslendingum ber að fara eftir. Vísindin búa yfir bestu þekkingu um sjálfbæra landnýtingu eins og við nýtingu fiskistofna. Það er ólíklegt til árangurs að hafa þá sem stunda ósjálfbæra landnýtingu með í því viðfangsefni að skilgreina viðmiðin, þó sjálfsagt sé að hlusta á þeirra sjónarmið. Fagaðilar verða að fá að skilgreina sjálfbæra landnýtingu og hana verður að meta út frá vísindalegum gögnum. Skemmst er að minnast hvernig fór fyrir landnýtingarþætti gæðastýringar í sauðfjárrækt. Landnýtingarþátturinn hefur nákvæmlega ekkert að segja: allir fá fullan styrk algjörlega óháð því hvort landnýtingin er sjálfbær eða ekki. Helsta ástæðan fyrir þessu gæti verið að aðkoma þeirra sem stunda ósjálfbæra landnýtingu að mótun og framkvæmd gæðastýringarinnar hefur verið allt of mikil⁴.

Minnst er á reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sem hefur verið í smíðum allt of lengi. Ólíklegt verður að teljast að það náist að ljúka við gerð hennar á þessu kjörtímabili fyrst hún hefur enn ekki verið kynnt í samráðsgátt. Brýnt er að ljúka þessu verki.

Lífrænn landbúnaður – hér eru gríðarmikil ónýtt tækifæri sem sterk og framsækin landbúnaðarstefna ætti að taka af skarið með að hvetja stjórnvöld til að efla og leggja ríka áherslu á. Minna má á góða árangur Dana hvað þetta varðar.

Kornrækt – Landvernd spyr hvers vegna sérstakur kafla um kornrækt? Af hverju ekki um ræktun plantna til manneldis almennt? Baunir, allskyns kornmeti og grænmeti er gríðarlegt sóknarfæri fyrir landbúnað á Íslandi. Á meðan kjötframleiðsla, dyggilega studd af miklum ríkisstyrkjum

⁴ <https://eldri.landvernd.is/sidur/abending-um-gaedastyringu-saudfjarraektar>
<https://landvernd.is/umsogn-landverndar-um-radstofun-almannafjar-vid-gaedastyringu-i-saudfjarraekt-32-mal/>
http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit_lbhi_nr_118.pdf

hefur næstum tvöfaldast (32, 5 tonn 2018 vs. 17,2 1996) hefur ræktun innlends gænmetis **dregist saman** um rúmlega þúsund tonn (er 2018 11.667 tonn). Á sama tíma hefur innflutningur á grænmeti þrefaldast⁵. Þetta er verulegt áhyggjuefni og skrítið að finna ekki í framsækinni stefnu fleiri kafla um hvernig hægt er að hagnýta þessa miklu eftirspurn fyrir innlenda framleiðendur. Þetta sýnir kolranga forgangsroðun ríkisins í landbúnaðarstyrkjum þar sem óumhverfisvænni framleiðsla er hampað á kostnað þeirra umhverfisvænni. Innlend grænmetisframleiðsla skapar störf og verðmæti og þarfnast styrkja frá ríki eins og annar landbúnaður. Því miður fellur stefnuskjal þetta algjörlega á prófinu þegar kemur að því að efla innlenda framleiðslu á plöntum til mannelis.

Það er óljóst hvernig hvernig „íslenskt sáðkorn ætti að verða hluti af sjálfsmynd og sjálfstæði þjóðarinnar“ eins og segir í stefnunni og hvernig þessi setning á heima í stefnu um landbúnaðarmál til framtíðar. Sérstaklega er rætt um kornrækt sem fóður fyrir svín. Verksmiðjuframleiðsla á svínakjöti byggir ekki á langri hefð á Íslandi og hefur ekki verið til fyrirmyndar⁶. Álftir og gæsir eru mikilvægur hluti af íslenskri náttúru og því skýtur skökku við að fjalla um þessar dýrategundir sem skaðræðisdýr.

Kolefnisjöfnun Landbúnaðarins – eins og getið var um hér að framan vantar algjörlega umfjöllun um það hvernig landbúnaðurinn getur dregið úr sinni losun án þess að draga úr verðmætasköpun. Þetta er vegferð sem allir atvinnuvegir ættu að vera komnir á og hefur sjávarútvegurinn sýnt svo um munar að þetta er hægt. Aðeins er minnst á minnkun á áburðargjöf og svo á eina möguleg aðferð sem gæti kannski virkað til að draga úr losun sem er að gefa jórturdýrum þörunga. Allt er óvíst með árangurinn af því, bæði hvað varðar framleiðslu, uppskölun og hvort árangurinn er viðvarandi⁷. Nauðsynlegt er að fjalla um aðgerðir sem geta skilað árangri á næstu árum – eins og fækkun gripa – og þá hvernig hægt er að tryggja afkomu bænda og auðvelda þeim breyta yfir í fæðuframleiðslu sem ekki veldur jafn mikilli losun á gróðurhúsalofttegundumf. Upplýsingar um markmið ESB í loftslagsmálum þyrfti að uppfæra.

Það er mikilvægt að stefna í landbúnaðarmálum til næstu 20 ára taki mið af því að kolefnisjöfnun er neyðarúrræði til að vega á móti losun sem ekki er hægt að koma í veg fyrir. Þau 5 skref sem rætt er um undir þessum lið duga engan vegin til að undirbúa landbúnaðinn fyrir þær miklu breytingar sem eru bæði nauðsynlegar og yfirvofandi. Að tekjur af álögðum kolefnisgjöldum verði veitt til að kolefnisjafna er ekki skynsamlegt, Öllu frekar ætti að nýta tekjur af kolefnisgjaldi til að leysa brýn samfélagsmála eða til að fjármagna aðgerðir sem draga hratt úr losun. Hafa ber í hug að kolefnisgjald er ekki viðvarandi tekjuöflun heldur fyrst og fremst tímabundinn hvati til að draga úr losun.

⁵ KPMG, 2019. Íslenskur landbúnaður 2040 Sviðsmyndir um mögulega framtíð landbúnaðar á Íslandi. Reykjavík.

⁶ <https://www.ruv.is/frett/allt-ad-onnur-hver-gylta-med-legusar>

⁷ <https://www.sciencedaily.com/releases/2019/06/190617164642.htm>

Líffræðileg fjölbreytni – sjá ofar umræðu um hugtakanotkun á bls. 2. Upplýsingar um einstaka búfjárstofna eru óþarflega ítarlegar í svo almennu skjali. Mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni er óumdeilt og þessi kafli ætti að fjalla um hana sem undirstöðu fæðuöryggis og annarrar vistkerfisþjónustu. Þá ætti að fjalla um tap á líffræðilegri fjölbreytni vegna ágengra tegunda og ósjálfbærrar landnýtingar amk. jafn ítarlega og um vernd erfðabreytileika búfjárstofna.

Dýravelferð – dýraheilbrigði: Í þessum kafla er eingöngu fjallað um stöðu laga og reglugerða eins og þær eru í dag. Ef þessi lýsing um að dýr eigi að vera laus við þjáningu á að standast er verksmiðjubúskapur eins og flestöll kjúklinga-, svína- og minkabú á Íslandi útilokuð. Það væri sannarlega framsækið ef Ísland yrði land án verksmiðjubúskapar. Með hugtakinu verksmiðjubúskapur er átt við landbúnað þar sem dýr eru alin innan dyra allan líftímann, í þéttskipuðu rými með öðrum dýrum.

Ef það er vilji fyrir því að fara almennilega eftir lögum um dýravelferð þarf stefnan að vera sú að leyfa ekki fleiri verksmiðjubú og stefna að lokun á þeim sem fyrir eru hér. Því miður höfum við séð þróun í öfuga átt hér á landi.

Það eru tengsl⁸ á milli verksmiðjubúskapar og faraldra á við fuglaflensu og svínaflensu. Áframhaldandi verksmiðjubúskapur, þar sem dýr eru þétt saman í lokuðu umhverfi, veldur því að nánast ómögulegt verður að koma í veg fyrir sýkingar og faraldra. Notkun sýklalyfja er ekki lausnin, en þegar hefur sýklalyfjaónæmar bakteríur greinst í dýrum á Íslandi.⁹

Með nýrri tækni er orðið auðveldara að halda neytendum upplýstum um hvernig farið er með húsdýr og það mun eflaust stuðla að betri meðferð dýra.

Menntun, rannsóknir, ráðgjöf og nýsköpun – Þessir þættir eru gríðarlega mikilvægir til að landbúnaður á Íslandi geti þróast í takt við nútímann. Það er stjórn Landverndar til efs að afturhvarf til fyrirkomulags stofnanna á þessu sviði eins og það var um síðustu aldamót sé til

⁸ <https://www.reuters.com/article/us-health-coronavirus-eu-wildlife/eu-to-step-up-rules-on-factory-farming-wildlife-trading-amid-pandemic-idUSKBN21Z2M6>
<https://www.scmp.com/news/china/article/3078669/one-virus-caused-covid-19-scientists-say-thousands-more-are-waiting>
<https://www.france24.com/en/europe/20201208-france-confirms-outbreak-of-highly-pathogenic-h5n8-bird-flu-on-duck-farm>
<https://www.theguardian.com/commentisfree/2020/apr/16/coronavirus-covid-19-pandemic-food-animals>

⁹ <https://www.ruv.is/frett/2020/06/03/matvaelastofnun-syklalyfjaonaemi-finnst-i-islensku-bufe>

framdráttar. Mikilvægt er í svo litlu landi að nýta samlegð vísinda- og rannsóknarstofnanna sem best.

Fyrirkomulag opinbers stuðnings – Í ljósi þess hve miklu opinberu fé er veitt til landbúnaðar mátti búast við mun dýpri umfjöllun um þetta efni. Stjórn Landverndar telur mikilvægt að ríkið styðji áfram dyggilega við íslenskan landbúnað til þess að bæta og efla bæði fæðu- og matvælaöryggi og draga úr innflutningi á matvöru sem og til að tryggja byggð og skynsamlega landnýtingu um allt land. Ríkið hefur ekki rækt hlutverk sitt sem eftirlitsaðili með því að landnýting sem það greiðir fyrir sé sjálfbær¹⁰. Það hefur heldur ekki sett í forgang aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með þeim hætti að innlend grænmetisframleiðsla fái jafn ríkulega styrki og veitt er til framleiðslu dýraafurða sem losar mun meira af gróðurhúsalofttegundum. Aftur er rétt að minna á að grænmetisframleiðsla á Íslandi í tonnum talið hefur dregist lítillaga saman á síðustu 25 árum á meðan kjötframleiðsla hefur næstum tvöfaldast.

Markaðsvernd og samkeppni – mikilvægt er að íslenskur landbúnaður njóti verndar og sé styrktur. Að sama skapi er mikilvægt að þær afurðir sem framleiddar eru á Íslandi með styrkjum séu fyrst og fremst fyrir innlandan markað. 30% kindakjötsframleiðslunnar hefur verið selt erlendis á mjög lágu verði undanfarin ár þó íslenskir skattgreiðendur greiði fyrir framleiðsluna¹¹. Raforkuverð til grænmetisbænda er atriði sem ástæða væri að fjalla um hér.

Bein tengsl bænda og neytenda – til þess að þetta sé trúverðugt verða almenningur og samtök hans að eiga greiða leið að ákvarðanatöku og stefnumótun um landbúnaðarmál, eins og við gerð þessarar stefnu. Þá verður framleiðslan að miðast við eftirspurn, en aukinni eftirspurn eftir plöntuafurðum hefur ekki verið mætt með tilsvarendi aukningu í innlandri framleiðslu.

Stjórnsýsla – sjá umfjöllun ofar. Stjórn Landverndar telur ekki skynsamlegt að leggja svo mikla áherslu á aðkomu viðkomandi fagráðuneytisins og full ástæða er til þess að efla aðkomu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að málefnum landbúnaðarins

Mikilvægi mælaborðs – Stjórn Landverndar tekur undir mikilvægi þessa og leggur áherslu á það að algjört gagnsæi ríki í því hvaðan grunnöggn mælaborðsins koma, hvernig þau eru fengin og að þau séu aðgengileg öllum.

Lokaorð

Í stefnuskjalinu Ræktum Ísland! eru margir góðir molar og meginstef þess eru lofandi. Því miður er stefnan ekki nægjanlega framsækin og tekur ekki á þeim miklu breytingum sem yfirvofandi

¹⁰ <https://eldri.landvernd.is/sidur/abending-um-gaedastyringu-saudfjarraektar>
<https://landvernd.is/umsogn-landverndar-um-radstofun-almannafjar-vid-gaedastyringu-i-saudfjarraekt-32-mal/>
http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit_lbhi_nr_118.pdf

¹¹ <https://www.bbl.is/frettir/fraedsluhornid/framleidsla-og-sala-a-kindakjoti-arid-2020>



eru í heiminum öllum til að bregðast við hamfarahlýnun og áskorunum til að tryggja fæðuöryggi til lengir tíma lítið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri